# REGLUGERÐ

**breytingu á reglugerð nr. 631, 17. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni 2001/2002.**

1. gr.

Aftan við 1. málslið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi nýr málsliður er orðast svo: Þó skal við útreikning aflahlutdeildar ekki taka tillit til afla, sem landað var á tímabilinu 5. apríl 2001 til 16. maí 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. ágúst 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

30. ágúst 2001 Nr. 648

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.**

1. gr.

5. gr. liður 5.5, 1. málsliður, orðist svo:

5.5. Til vinninga skal verja 45% af heildarsöluverði þátttökukvittana hverrar leikviku, þar með talið andvirði þátttökukvittana sem látnar eru þátttakendum í té sem kaupauki án endurgjalds.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986 öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. ágúst 2001.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Björn Friðfinnsson.*


Gutenberg